

arlaun til skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. október 1973.

Nr. 76/1973: Ákærvaldið

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn

Agli Grímssyni Thorarensen

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

Birgi Þorvaldssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

og Sigurði Ívari Sigurðssyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Rangur framburður fyrir dómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna ber að staðfesta, að ákærði Egill Grímsson Thorarensen hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Varða brotin við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 17. gr., sbr. 2. tl. 33. gr., 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 73/1973, eru skilyrði fyrir hendi, að beita megi 1. mgr. 17. gr. greindra áfengislaga.

Samkvæmt sakargögnum verður talið sannað, að ákærðu

Birgir Þorvaldsson og Sigurður Ívar Sigurðsson hafi gerzt sekir um rangan framburð, ákærði Birgir í þinghaldi 16. nóvember 1971 og ákærði Sigurður Ívar í þinghaldi 9. desember 1971, en þá voru þeir yfirheyrðir sem vitni. Varða brot þeirra við 1. mgr. 142. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing allra hinna ákærðu þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Greiðslufrestur sektar ákærða Egils Grímssonar Thorarensens verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms, að sá gæzluvarðhaldstími hinna ákærðu Egils og Birgis, sem þar greinir, komi til frádráttar refsingum þeirra.

Um greiðslu sakarkostnaðar skal fara sem hér segir:

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna skipaðra verjenda ákærðu.

Ákærði Egill greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti kr. 20.000.00.

Ákærði Birgir greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti kr. 20.000.00.

Ákærði Sigurður Ívar greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti kr. 20.000.00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000.00, greiði allir hinir ákærðu óskipt að hálfu, en ákærði Egill einn að hálfu.

Það athugast, að ónákvæmni um sakargiftir gætir í síðara ákæruskjali.

D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Egils Grímssonar Thorarensens og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans á að vera óraskað. Greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Birgis Þorvaldssonar og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans á að vera óraskað.

Ákærði Sigurður Ívar Sigurðsson sæti fangelsi 3 mán-

uði. Fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 verða haldin.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarn-
arlauna skipaðra verjenda ákærðu.

Ákærði Egill Grímsson Thorarensen greiði skipuðum verjenda sínum fyrir Hæstarétti, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000.00.

Ákærði Birgir Þorvaldsson greiði skipuðum verjenda sínum fyrir Hæstarétti, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000.00.

Ákærði Sigurður Ívar Sigurðsson greiði skipuðum verj-
anda sínum fyrir Hæstarétti, Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000.00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæsta-
rétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.-
000.00, greiði allir hinir ákærðu óskipt að hálfu, en ákærði
Egill Grímsson Thorarensen einn að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæðinu að öðru leyti en því, að ég
tel, að dæma beri ákærðu til að greiða sakarkostnað í héraði
og fyrir Hæstarétti in solidum, annan en laun skipaðra verj-
enda sinna, sbr. 142. gr. laga nr. 73/1973, sbr. 142. gr. laga
nr. 82/1961.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 13. febrúar, var á dómþingi sakadóms
Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristins-
syni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 78—
80/1973: Ákærvaldið gegn Agli Grímssyni Thorarensen, Birgi

Þorvaldssyni og Sigurði Ívari Sigurðssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 4. nóvember 1971, gegn ákærða Agli fyrir að aka laugardaginn 7. ágúst 1971, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R 20570 frá Reykjavík austur að Ölfusá við Selfoss og síðan um kvöldið, þá undir áhrifum áfengis, að aka sömu bifreið að Flúðum í Hruna-mannahreppi og seinna um nóttina þaðan áleiðis til Reykjavíkur, þar til bifreiðin hafnaði utan vegar við vegamót Suðurlandsveggar og Þrengslavegar. Enn fremur að hafa fyrir ferð þessa keypt þrjár flöskur af ótollaðgreiddu 75% vodka „af einhverjum leigu-bifreiðarstjóra“, en meginhluta áfengis þessa og allar flöskurnar hafði ákærði meðferðis í bifreiðinni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 24. gr., sbr. 35. og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einnig er málið höfðað með ákæru, dagsettri 19. maí 1972, gegn ákærðu Agli Grímssyni Thorarensen, Birgi Þorvaldssyni og Sigurði Ívari Sigurðssyni. Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa gerzt sekir um rangan framburð fyrir dómi við meðferð saka-dómsmáls vegna meintra áfengis- og umferðarlagabrota ákærða Egils Grímssonar Thorarensens við sakadóm Reykjavíkur í nóvember og desember 1971. Að beiðni ákærða Egils báru þeir Birgir og Sigurður Ívar þá ranglega um akstur bifreiðarinnar R 20570 og hver ekið hefði henni laugardaginn 7. ágúst 1971 og aðfaranótt næsta dags, er þeir voru yfirheyrðir um það efni sem vitni í sakadóminum 16. nóvember og 9. og 13. desember 1971, en ákærðu fóru umrætt sinn saman í veiðiför að Ölfusá í fyrrgreindri bifreið, R 20570, eign ákærða Egils. Að tilmælum Egils hélt Birgir þá því fram, að hann (Birgir) hefði ekið bifreiðinni frá Reykjavík að veiðistað þeirra við Ölfusá, að Sigurður Ívar hefði ekið bifreiðinni þaðan að Selfossi og að þeir hefðu fengið einhvern ókunnan mann til að aka bifreiðinni fyrir sig frá Selfossi, en Sigurður Ívar kvaðst ekkert um það vita, hver ekið hefði bifreiðinni frá Reykjavík að Ölfusá né þaðan, og var þetta gegn betri vitund beggja.

Þykja ákærðu með fyrrgreindum hætti hafa gerzt brotlegir samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, að því er varðar þátt ákærða Egils.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Egils hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1968 19/11 í Kópavogi: Sátt, 4.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 48. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 19. nóvember 1968.

1970 11/9 í Hafnarfirði: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá 11. september 1970.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Birgis hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1959 5/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstefnuakstur.

1960 11/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir óspektir.

1961 22/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1968 21/2 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga og 15. gr. lögreglusamþykktar.

1968 29/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

1968 30/7 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 37. gr. umferðarlaga.

1969 2/4 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga. (Einnig dæmt fyrir brot, sem dómur frá 29. maí 1968 fjallar um).

1970 7/7 í Reykjavík: Sátt, 400 króna sekt fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 73/1952.

1971 10/11 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sigurðar Ívars hefur hann sætt kærnum og refsingum svo sem hér segir:

1958 11/1 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 4.600 kr. sekt fyrir brot á 3. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 58/1954.

Málsatvik eru þessi:

Að morgni sunnudagsins 8. ágúst 1971 komu lögreglumenn að bifreiðinni R 20570, sem ekið hafði verið út af Suðurlandsvegi

við Prengslaveg. Í bifreiðinni sváfu ákærðu Egill og Birgir, hinn fyrrnefndi í framsæti, en hinn síðarnefndi í aftursæti. Lögreglu virtist þeir vera undir áhrifum áfengis. Þeir skýrðu svo frá, að þeir hefðu verið sofandi, þegar bifreiðinni var ekið út af veginum, en henni hefði þá stjórnað maður frá Selfossi, sem þeir gátu enga frekari grein gert fyrir. Eigandi bifreiðarinnar, ákærði Egill, kvað fyrrnefndan ökumann hafa farið með kveikjuláslykla bifreiðarinnar með sér á brott, en við leit á Agli fundust þeir í buxnavasa hans. Í bifreiðinni R 20570 fundu lögreglumenn óupp-tekna þriggja pela flösku af 75% vodka, aðra axlarfulla og hina þriðju tóma sem og nokkrar tómar Tuborg bjórflöskur.

Tekin voru blóðsýni úr ákærðu Agli og Birgi klukkan um 0800, og fundust í blóði hins fyrrnefnda efni, sem samsvara 0.76% af alkóhóli, en 0.80% í hinum síðarnefnda. Ákærðu voru síðan færðir í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu sunnudaginn 8. ágúst 1971 skýrði ákærði Egill frá því, að hann hefði ásamt Birgi og einum kunningja þeirra farið árla daginn áður frá Reykjavík austur að Ölfusá til laxveiða og hann tekið með sér í fararnesti þrjár þriggja pela flöskur af 75% vodka, sem hann hafði keypt af óþekktum leigubifreiðarstjóra. Þriðji maðurinn hefði yfirgefið þá, eftir að veiðum lauk klukkan um 2200, þeir Birgir farið til Selfoss og ákærði Egill þar beðið einhvern mann, sem hann þekkti ekkert, að aka fyrir sig bifreiðinni, enda hefði hann þá sjálfur aðeins verið búinn að bragða áfengi. Hinn ókunni maður hefði ekið þeim á dansleik að Flúðum, en síðan áleiðis til Reykjavíkur, þar til bifreiðin hafnaði utan vegar, einhverjir menn komið að, og taldi ákærði, að ökumaður hefði horfið á brott með þeim og sennilega afhent honum kveikjuáslykil bifreiðarinnar, áður en hann fór. Ákærði kvað þá Birgi hafa verið orðna mjög ölvaða, þegar nefndum dansleik lauk, og þeir sofið hluta leiðarinnar frá Flúðum.

Ákærði Birgir var einnig yfirheyrður af rannsóknarlögreglu sunnudaginn 8. ágúst 1971. Var frásögn hans mjög á sömu lund og ákærða Egils, en ekki kom glögg fram í yfirheyrslum þessum, hvernig þeir félagar komust úr Reykjavík að Ölfusá né frá veiðistað á Selfoss, og frekari yfirheyrslur fóru ekki fram í málinu hjá rannsóknarlögreglu.

Hinn 4. nóvember 1971 höfðaði saksóknari ríkisins mál á hendur Agli Grímssyni Thorarensen vegna atvika þeirra, sem rakin hafa verið hér að framan.

Hinn 16. sama mánaðar kom Birgir Þorvaldsson fyrir dóm sem vitni í málinu. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni R 20570 austur að Ölfusá umræddan laugardagsmorgun, tekið að neyta áfengis um miðjan daginn, en Sigurður Ívar Sigurðsson ekið þeim Agli, eftir að veiðum lauk, að Selfossi, þar sem Egill hefði fengið einhvern pilt til að aka bifreiðinni að Flúðum og síðan áleiðis til Reykjavíkur, en vitnið sofnað á leiðinni þangað.

Hinn 9. desember 1971 kom ákærði Egill fyrir dóm og staðhæfði, að Birgir hefði ekið bifreiðinni nefndan morgun austur að Ölfusá, þeir hafið áfengisneyzlu seinni hluta dagsins og Sigurður Ívar því ekið þeim um kvöldið frá veiðistað að Selfossi, en þangað hefði eiginkona Sigurðar Ívars komið og sótt hann. Ákærði kvaðst hafa beðið ungan mann, sem hann kannaðist ekkert við né vissi deili á, að aka fyrir sig bifreiðinni, maðurinn orðið við því og ekið þeim Birgi endurgjaldslaust fyrst austur að Flúðum og síðan áleiðis til Reykjavíkur, þar til bifreiðin hafnaði utan vegar við mót Suðurlandsveggar og Þrengslavegar. Ákærði játaði kaupum á þremur $\frac{3}{4}$ líters flöskum af ótollafgreiddum vodka og kvað seljanda vera einhvern leigubifreiðarstjóra, sem hann gæti eigi greint nánar frá.

Þennan sama dag kom Sigurður Ívar Sigurðsson fyrir dóm sem vitni. Staðhæfði vitnið, að Birgir hefði ekið þeim félögum á veiðistað nefndan morgun. Vitnið kvaðst ekki hafa ekið þaðan og að Selfossi, enda eiginkona þess komið á veiðistað og náð í það, og staðfesti eiginkonan þetta atriði sem vitni samdægurs.

Hinn 10. desember 1971 komu ákærðu Egill og Birgir á ný fyrir dóm. Héldu þeir fast við fyrri framburði sína í málinu og vildu í engu breyta þeim. Voru þeir þá úrskurðaðir til að sæta allt að 30 daga gæzluvarðhaldi.

Mánudaginn 13. desember 1971 komu ákærðu Egill og Birgir enn fyrir dóm, og voru framburðir þeirra enn óbreyttir. Eftir að þeim voru kynnt vætti Sigurðar Ívars og eiginkonu hans, staðhæfði ákærði Egill, að hinn ókunni maður hefði tekið við stjórn bifreiðarinnar á veiðistað, en Birgir kvað sig enn minna, að Sigurður Ívar hefði ekið frá veiðistað á Selfoss, þótt hann þyrði ekki að fullyrða slíkt.

Hinn 14. desember 1971 kom Sigurður Ívar Sigurðsson á ný fyrir dóm. Skýrði hann þá frá því af sjálfsdáðum, að umræddan laugardagsmorgun hefði ákærði Egill ekið bifreiðinni R 20570 frá Reykjavík austur að Ölfusá og þeir félagar allir neytt nokkurs áfengis á leiðinni austur. Kvaðst Sigurður Ívar ekki hafa sagt

allt af létta fyrr, þar sem hann hefði talið, að hann væri með-sekur hinum sakir þess, að hann neytti sjálfur áfengis í bifreið-inni, en eftir að hafa leitað lögfræðilegra ráðlegginga, vildi hann skýra frá hinum réttu staðreyndum málsins. Sigurður Ívar stað-hæfði, að Egill hefði beðið sig um að leyna því, að hann, þ. e. Egill, hefði ekið bifreiðinni greint sinn og neytt áfengis við aksturinn, þetta átt sér stað á sameiginlegum vinnustað þeirra í Hafn-arfirði, röskum mánuði eftir að atburðurinn gerðist, að því er hann minnti. Eftir að Sigurður Ívar fékk boð um að koma fyrir saka-dóm, hefðu þeir Birgir rætt væntanlegan framburð hans og í því samtali hefði Birgir skýrt honum frá því, hvernig þeir Egill hefðu áður borið í málinu.

Hinn 16. desember 1971 bar ákærði Birgir á dómþingi, að Eg-ill hefði ekið greindan laugardagsmorgun frá Reykjavík austur að Ölfusá og allir þeir, sem í bifreiðinni voru, neytt áfengs öls á leiðinni. Um kvöldið hefði Guðlaugur Thorarensen ekið frá veiðistað að Flúðum og síðan áleiðis til Reykjavíkur, en Birgir kvaðst hafa sofnað stuttu eftir brottförina þaðan. Birgir hélt því fram, að þá er Egill var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu, hefði hann beðið fyrir utan, þunn hurð verið á milli og hann sjálfur því heyrt alla skýrslu Egils hjá rannsóknarlögreglu og því freist-azt til að bera á sama veg og Egill um atvik málsins. Lögreglu-maður sá, sem rannsóknina annaðist, Eggert Nordahl Bjarnason, taldi, að verið gæti, að framburður Birgis væri réttur í þessum efnum.

Birgir kvaðst hafa borið á annan veg áður fyrir dómi um atvik málsins vegna þess, að hann hefði hræðzt, að hann yrði sakaður um hlutdeild í akstrinum, þar sem honum hefði verið kunnugt um, að þeir Egill og Guðlaugur voru sviptir ökuréttindum.

Birgir staðhæfði í þessu sama réttahaldi, að þeir Egill hefðu sammælt um, eftir að málið kom fyrir dóm, að Birgir bæri á þann veg fyrir dómi, sem raun varð á, og þessar ákvarðanir um rangan framburð hans verið gerðar að beiðni Egils í því skyni, að hann slyppi við refsingu. Hefðu þeir rætt málið saman oftár en einu sinni og einnig hefði verið talað við Sigurð Ívar um, að Birgir viðurkenndi aksturinn austur að Ölfusá.

Laugardaginn 18. desember 1971 játaði ákærði Egill loks fyrir dómi, að hann hefði sjálfur ekið bifreið sinni laugardagsmorgun-inn 7. ágúst 1971, neytt nokkurs áfengis við aksturinn, en ekki taldi hann sig hafa fundið til áhrifa áfengis. Ákærði Egill kvaðst hafa haldið áfram drykkju um daginn og því hefði hann beðið

Guðlaug bróður sinn, sem komið hefði á veiðistað, að aka fyrir sig bifreiðinni og Guðlaugur ekið þeim að Flúðum og aftur að Selfossi, en þar hefði þeim bræðrum orðið sundurorða og hann því sjálfur ekið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá Selfossi og þar til bifreiðin hafnaði utan vegar.

Ákærði Egill játaði fyrir dómi, að hann hefði sammælt við þá Birgi og Sigurð Ívar um rangan framburð þeirra fyrir dómi, og vildi hann ekki hreyfa athugasemdum við framburðum þeirra þessu viðvirkjandi, nema hvað hann taldi nokkuð sterkt til orða tekið hjá þeim, að hann hefði beðið þá að skýra rangt frá, þar sem hann teldi, að í samtölum þeirra hefði meira komið fram óbein beiðni hans til þeirra um rangan framburð fyrir sakadómi.

Með eigin játningu ákærða Egils, sem er í samræmi við framburð meðákærðu Birgis og Sigurðar Ívars og önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um verknaði þá, sem lýst er í ákærunni frá 4. nóvember 1971 og 19. maí 1972, að öðru leyti en því, að hann verður ekki sakfelldur fyrir akstur frá Ölfusá að Flúðum og þaðan að Selfossi. Brot ákærða Egils varða við refsí-ákvæði þau, sem í ákærum greinir, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir. Frá þeirri refsingu skal draga gæzluvarðhald ákærða 10.—18. desember 1971. Þá ber að dæma hann til að greiða 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæta fangelsi 2 daga, verði sú sekt eigi dreidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Með eigin játningu ákærða Birgis, sem er í samræmi við framburði meðákærðu Egils og Sigurðar Ívars sem og önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru, dagsettri 19. maí 1972, og varðar við 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir. Frá refsingu ákærða skal draga gæzluvarðhald hans frá 10.—16. desember 1971.

Með eigin játningu ákærða Sigurðar Ívars, sem er í samræmi við framburði meðákærðu Egils og Birgis svo og önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um hegðun þá, sem réttilega er lýst í ákæru, dagsettri 19. maí 1972, og varðar hún við 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir, en með sérstakri hliðsjón af því, að ákærði Sigurður Ívar breytti af sjálfsdáðum framburði sínum í rétt horf, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkveðningu dómsins að telja, haldi hann almennt

skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða Egil til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, ákærða Birgi til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Knúts Bruuns héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, og ákærða Sigurð Ívar til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Egill Grímsson Thorarensen sæti fangelsi 4 mánuði. Fra þeirri refsingu skal draga gæzluvarðhald hans frá 10.—18. desember 1971. Ákærði greiði 3.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en sæti fangelsi 2 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Birgir Þorvaldsson sæti fangelsi 3 mánuði, en frá þeirri refsingu skal draga gæzluvarðhaldsvist hans frá 10.—16. desember 1971.

Ákærði Sigurður Ívar Sigurðsson sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Egill greiði málsvvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, ákærði Birgir greiði málsvvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Knúts Bruuns héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, og ákærði Sigurður Ívar greiði málsvvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, en annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.